

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. febrúar 2022

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að innri endurskoðandi leggi mat á lögmæti samninga Reykjavíkurborgar við olíufélögin

Borgarstjórn samþykkir að innri endurskoðanda verði falið skoða og leggja mat á lögmæti samninga Reykjavíkurborgar við olíufélögin sem lagðir voru fram í borgarráði 22. júní 2021. Verði þeirri skoðun lokið fyrir 1. maí nk.

Greinargerð

Samningana og fylgigögn má finna á þessari slóð:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/30_faekkun_bensinstodva_-_afangaskil_samningavidraedna_vid_rekstraradila_og_lodarhafa_eldsneytisstodva_i_reykjavik_um_uppbyggingu_a_ymsum_lodum.r16080049.pdf

Einnig er lagður til grundvallar Hæstaréttardómur nr. 240/2003, Skeljungur hf. gegn Sveitarfélaginu Hornarfirði: Útburðargerð. Lóðarleiga.

<https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=4fe26e25-e445-4d13-8017-2dbb165763be>

Dómsniðurstaðan var þessi: „S hf. leigði lóð af sveitarfélaginu H til tuttugu ára. Að loknum leigutíma var lóðin leigð hlutafélaginu áfram til fimm ára. Að þeim tíma liðnum náðist ekki samkomulag um áframhaldandi leigurétt S hf. á lóðinni. Var sveitarfélaginu heimilað að fá S hf. borið út af lóðinni með bensinstöðvar- og veitingahús sitt og öllu, sem því tilheyrði, þar með töldum olíu- og bensíntönkum í jörðu.“ Hér er komið dómafordæmi sem sýnir skýrt að leigutakar mynda hvorki eignarrétt né hefðarrétt að lóðum sem þeir leigja af sveitarfélögum.

Ástæða þess að tillögunni er beint til innri endurskoðenda er að hlutverk hans er samkvæmt skipuriti Reykjavíkurborgar þessi: „Innri endurskoðandi starfar í umboði borgarráðs og í beinum tengslum við æðstu stjórnendur borgarinnar. Hann er innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar og störf hans eru hluti af stjórnendaeftirliti Reykjavíkurborgar. Hann er engum háður í störfum sínum og nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart allri stjórnslu borgarinnar.“